

**Umsögn**

Efni: Frisbígolf á Siglufjörð og Ólafsfjörð

Málsnr.: 2006005

Dags.: 16. júní 2020

Unnið af: RS og ÁS

Efni:

Óskað var eftir umsögn undirritaðra um innsent erindi um mögulega uppsetningu frisbígolfvalla á Siglufirði og Ólafsfirði

Umsögn:

Það væri eftirsóknarvert að koma upp frisbígolfvelli eða völlum í Fjallabyggð. Fjallabyggð er heilsuefandi samfélag og mundi slík viðbót á útivist og hreyfingu nýtast öllum aldurshópum, ekki síst börnum og ungmennum. Vinahópar, félagasamtök, fjölskyldur og skólar gætu nýtt völlinn til samveru og útivistar.

Samkvæmt erindinu kostar innan við 2.000.000 kr. að setja upp frisbígolfvöll og er sá kostnaður miðaður við völlinn uppsettan og tilbúinn til notkunnar. Sá kostnaður getur verið breytilegur og fer mest eftir því hvort bæjarfélagið hafi tök á að framkvæma uppsetninguna sjálft og einnig hvort settir eru heilsársteigar við völlinn.

Það þarf töluvert landsvæði undir völlinn og eru eftirfarandi svæði möguleg í slíkum tilgangi:

- Austan Hólsár á Siglufirði (við Hól)
- Saurbæjarás Siglufirði austan kirkjugarðs
- Við Skógræktina – á leið upp í Skarð
- Neðan Þjóðvegur utan við þéttbýlið í Siglufirði (við enda Hvanneyrarbrautar)
- Skeggjabrekkudal, Ólafsfirði.
- Austan við sumarhúsbyggð í Hólkoti, Ólafsfirði.
- Sunnan við Hornbrekku, Ólafsfirði.
- Í kringum Íþróttamiðstöð, grunnskólann, knattspyrnuvöllinn og Mtr á Ólafsfirði.

Fjallabyggð 16. júní 2020

Ríkey Sigurbjörnsdóttir

deildarstjóri fræðslu-, frístunda- og menningarmála

Árman Sigurðsson

deildarstjóri tæknideildar